Reykjavíkurborg
skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 27. febrúar 2019
R19020113
D-1571

Borgarráð

***Malarhöfði-Bíldshöfði afnotasamningur um borgarland***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi afnotasamning um 1522 fermetra borgarland austan við Malarhöfða 8 við Braut bílasölu ehf. kt. 551008-0880, Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík.

*Greinargerð:* Með erindi dags. 10. janúar 2019 til skrifstofu eigna og atvinnuþróunar var óskaði Braut bílasala eftir tímabundnum afnotum af lóðarskika sem liggur norðan lóðar við Bíldshöfða 3 þar sem bílasalan er með sýningarsvæði. Braut bílasala hyggst nýta hið leigða undir bílastæði vegna starfsemi bílasölunnar. Greitt er fyrir afnotin gegn greiðslu hlutfallslegrar lóðarleigu nærliggjandi lóðar og er samningurinn tímabundinn til 5 ára með 6 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Virðingarfyllst

Óli Jón Hertevig

Hjálagt:
Afnotasamningur um borgarland dags. 22. febrúar 2019 ásamt afstöðumynd dags. 15. febrúar 2019.

R19020113

# AFNOTASAMNINGUR UM BORGARLAND

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, (leigusali) Ráðhúsinu í Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar Eignasjóðs kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík og Braut bílasala (leigutaki) kt. 551008-0880, Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík gera með sér svofelldan afnotasamning:

1. *Hið leigða*
   Leigutaki tekur á leigu afmarkað borgarland undir bílastæði vegna starfsemi Braut bílasölu á óútvísuðu borgarlandi landnr. L221447 sem liggur austan við Malarhöfða 8 samtals 1.522 fermetrar. Lögun þess og lega er sýnd á viðfestu mæliblaði umhverfis- og skipulagssviðs, landupplýsingadeildar, dags. 15.2.2019, sem telst hluti þessa leigusamnings.

2. *Gildistími*
   Afnotasamningur þessi gildir í 5 ár frá 1. mars 2019 að telja. Vilji samningsaðilar segja upp samningnum á samningstíma er gagnkvæmur uppsagnafrestur 6 mánuðir. Skal uppsögn tilkynnt skriflega til samningsaðila. Leiga greiðist fyrir afnotin sem tekur mið af lóðarleigu Bíldshöfða 3, Reykjavík og er hún 11.827 kr. á ári. Gjalddagi er einu sinni á ári. Fyrsti gjalddagi er 1. apríl 2019.

3. *Afhending og skil á afnotasvæði*
   Afnotasvæðið afhendist við undirritin samnings þessa. Við uppsögn eða lok samningsins skal leigutaki skila afnotasvæðinu til leigusala.

4. *Framkvæmdir*
   Allar framkvæmdir sem leigutaki ræðst í á afnotasvæðinu greiðast af leigutaka.

5. *Samráð um framkvæmdir*
   Allar framkvæmdir á afnotasvæðinu skulu unnar í samráði við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgarskrifstofu reksturs og umhirðu).

6. *Nýting á hinu leigða*
   Leigutaka er óheimilt að nýta hið leigða í öðrum tilgangi en greinir um í 1.gr. Öll framleiga, þar með talin gjaldtaka af stæðunum, er óheimil.

7. *Riftun*
   Brot á ákvæðum samnings þessa getur valdið riftun. Hið sama gildir ef vanskil á gjaldi fyrri leiguafnot varir í lengri tíma en tvo mánuði.

8. *Varnarþing*
   Rísi ágreiningur um afnotasamning þennan má bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Reykjavík 22. febrúar 2019.

REYKJAVÍKURBORG Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Sonja Wiium

f.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

f.h. Bílasölunnar Braut

Vottar að réttri undirskrift, dagsetningu og hæfi:

Oddný Helga Oddsdóttir
kt. 190781-4109

kt. Ívar Örn Ívarsson 090583-3369

# Séruppdráttur vegna leigu á borgarlandi 4.055.8

Mælikvarði 1:500 (A3)

0 10 20 30 40 50m




**Skýringar**

- Mörk borgarlands sem er til leigu
- x.xxx.x Staðgreininúmer
- Lxxxxxx Landeignarnúmer
- x m² Stærð lands

**Hnitaskrá**

Hnitakerfi Reykjavíkur 1951

| Nr. | X-hnit | Y-hnit |
|---|---|---|
| 128 | 17456.2822 | 15722.0334 |
| 140 | 17458.6133 | 15771.0678 |
| 334 | 17425.3170 | 15723.5060 |
| 346 | 17427.6478 | 15772.5399 |

Þessi séruppdráttur er gerður vegna leigu á borgarlandinu sem afmarkast af hnitpunktum 346-334-128-140-346.
Þetta land er hluti af óútvísuðu landi borgarinnar sem hefur landeignarnúmerið L221447.
Þetta er ekki lóð og ekki er til deiliskipulag sem skilgreinir þetta land sem lóð.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Landupplýsingadeild: 15.02.2019